Nd. **98. Frumvarp til laga**

um bráðabirgðanotkun lóðarinnar nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis að reisa til bráðabirgða einlyft steinhúðað verzlunarhús úr timbri með allt að 250 fermetra grunnfleti á lóð ríkissjóðs nr. 2 við Bankastræti í Reykjavík, suður með Skólastræti, sunnan við verzlunarhús kaupfélagsins við Bankastræti og áfast við það.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum atvinnumálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Ríkissjóður á lóðina nr. 2 við Bankastræti, sem er ætluð til þess að reisa þar, þegar henta þykir, opinbera byggingu. Það er eigi liklegt, að af því geti orðið næstu ár, og liggur því lóð þessi ónotuð, eða því sem næst, og ríkissjóði arðlaus. Kaupfélag Reykjavíkur hefir nú farið fram á að fá að reisa á nokkru af lóðinni verzlunarhús, einlypt úr steinhúðuðu timbri, í líkingu við hús það, sem félagið fékk að reisa við Bankastræti fyrir nokkrum árum, og áfast því húsi. Byggingarnefnd og bæjarstjórn kaupstaðarins hefir synjað um leyfi til að byggja timburhús á lóðinni og borið fyrir sig viðauka við byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík, 10. júní 1915, sem takmarkar mjög heimildina til að reisa timburhús í bænum, sem og að bráðabirgðahús þarna muni verða til þess að tefja fyrir, að lóðin verði hýst svo sem til er ætlazt. Ráðuneytið hefir eigi séð fært að fella téða ákvörðun byggingarnefndar og bæjarstjórnar Reykjavíkur úr gildi samkv. 3. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur 7. sept. 1903.

Ástæður til takmörkunar þeirrar, sem gerð er um timburhús í téðum byggingarsamþykktarviðauka, er fyrst og fremst aukin eldhætta í bænum. Á lóðarhluta þeim, sem reisa á hið fyrirhugaða hús á, er nú gamalt ójárnvarið timburhús, og er sízt minni eldhætta að því en húsi því, sem á að reisa, heldur mun meiri, þar sem hið nýja hús yrði með járni á þaki og steinsteypuhúð á veggjum. Er því frá því sjónarmiði ekkert athugavert við að reisa húsið. En ekki er heldur neitt á móti því af þeirri ástæðu, að húsið tefji fyrir endanlegri hýsingu lóðarinnar, því kaupfélagið vill leigja lóðina með þeirri kvöð að rýma af henni þegar ríkið þarf á henni að halda, eftir því sem nánar verður ákveðið í samningi. Hið gamla hús má selja fyrir nokkurt verð, þar sem í því er talsvert efni, og leiga fengist talsverð eftir lóðina og loks yrði hún með þessu móti að gagni, sem er lítið nú, og óvíst, hve langt yrði þess að bíða, að hún yrði að gagni ella. Verður því samkvæmt því, sem hér er sagt, ekki annað séð en að sjálfsagt sé að leyfa að reisa hið umrædda hús.